



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulspjöldgarðs - 158. fundur stjórnar Vatnajökulspjöldgarðs haldinn á fjarfundi, 19. apríl 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulspjöldgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjöldgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjöldgarðs.

Gestir:

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulspjöldgarðs,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjöldgarðs.

1. Svæðisráð austursvæðis - 102 - 2104002F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

2. Svæðisráð vestursvæðis - 95 - 2103006F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

3. Svæðisráð suðursvæðis - 93 - 2103007F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

4. Rekstur 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu gögn um reksturs þjóðgarðsins í janúar og febrúar

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjöldgarðs - 13:15

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri þjóðgarðsins sem er í ágætu jafnvægi fyrstu mánuði ársins 2021. Enn er mikil óvissa um þróun sértekna þjóðgarðsins vegna Covid-19 sem byggjast að stærstum hluta á fjölda gesta sem koma í þjóðgarðinn.

5. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framvindu við endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjöldgarðs.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar - 13:30

Stjórn þakkar góða vinnu við grunnendurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Um er að ræða brýnar breytingar s.s. vegna endurskoðunar á regluverki, nýrra svæða sem bæst hafa við þjóðgarðinn ásamt því að nýta þróun og reynslu undanfarinna ára. Stjórn leggur til að tillagan verði send til umfjöllunar svæðisráða áður en hún verður endanlega samþykkt í stjórn og send í umsagnarferli.

6. Landsnet - Tilfærsla Prestbakkalínu 1 - 2103022

Fyrir fundinum lá umsókn Landsnets um færslu Prestbakkalínu 1 við Jökulsárlón vegna hættuástands.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 14:30

Vegna landbrots eru nú um 7,5 m frá sjávarkambi að því mastri sem næst er sjó og byggir umsókn Landsnets á því að tilfærsla línunnar sé vegna þess afar aðkallandi vegna hættuástands. Með vísan til gagna málsins samþykkir stjórn umsóknina sbr. 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.

7. Vonarskarð - C - Tillögur - 2011013

Fyrir fundinum lá fyrir að ræða málefni Vonarskarðs.

Ítarlegar umræður, fundir og umsagnarferli hafa átt sér stað á vettvangi Vatnajökulspjóðgarðs í samræmi við tilmæli umhverfisráðherra frá 12. júlí 2013 um að unnið verði áfram að því að leita leiða til að skapa betri sátt í málefnum útivistar og náttúruverndar í Vonarskarði í samstarfi við helstu hagsmuna- og umsagnaraðila. Þrátt fyrir mikla vinnu hefur ekki tekist að ná viðtækri sátt um þann hluta málsins sem snýr að vélknúinni umferð.

Í kjölfar gildistöku náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og setningar reglugerðar um vegi í náttúru Íslands (nr. 260/2018) hefur flækjustigið aukist enn frekar, þar sem virðist kominn upp vafi um heimild stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs til að leggja til opnun eldri leiðar fyrir vélknúin ökutæki um Vonarskarð. Vegna þessa telur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs ekki mögulegt að staðfesta tillögu meirihluta svæðisráðs vestursvæðis þjóðgarðsins um tímabundna tilraunaopnun að hausti fyrir vélknúna umferð í Vonarskarði að sinni.

Afar mikilvægt er að heimildir þjóðgarðsins til ákvarðanatöku hvað þetta varðar séu skýrar. Leggur stjórn því til að umræddu lögræðilegu álitafni verði vísað til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og óskað eftir túlkun þess á heimildum þjóðgarðsins og samspili laga um Vatnajökulspjóðgarð og laga um náttúruvernd.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs lýsir hins vegar yfir vilja sínum til að opna fyrir aðgengi hjóltreidda í Vonarskarði eftir skilgreindri reiðhjólaleið, eins og samstaða er um í svæðisráði vestursvæðis, og beinir því til svæðisráðsins að taka það til skoðunar við ítarlegri endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun, sem áætlað er að vinna hefjist við að lokinni þeirri grunnendurskoðun sem nú stendur yfir.

Jafnframt beinir stjórn því til svæðisráðs vestursvæðis að skoða vel fyrir næstu ítarlegu endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun hvort ástæða sé til að herða á verndarákvæðum skv. IUCN skilgreiningum á viðkvæmasta hluta svæðisins í Snapadal.

Þá telur stjórn mikilvægt að stikun gönguleiða í Vonarskarði verði endurskoðuð með það að markmiði að vernda jarðmyndanir og gróður í Snapadal. Slík endurskoðun krefst ekki breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun og því hægt að hefja hana sumarið 2021.

Stjórn felur formanni stjórnar að senda bréf til umhverfis- og auðlindaráðherra þar sem gerð er grein fyrir framgreindri niðurstöðu.

Samþykkt: AHI, AFJ, JFP, MÁ, ÁPH.

Sátu hjá: ADS, SPH

Fulltrúi SAMÚT leggur áherslu á að með þessari afgreiðslu er ekki verið að loka yfirstandandi ferli um málefni Vonarskarðs.

8. UST - mat á ástandi áfangastaða - 1910013

Fyrir fundinum lá skýrsla UST um ástandsmat ferðamannastaða innan friðlýstra svæða.

Stjórn Vatnajökulspjóðagarðs fagnar því að Vatnajökulspjóðgarður tekur nú þátt í samstarfi við Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum um ástandsmat áfangastaða. Þetta er kerfi sem var þróað til að unnt væri að fá heildaryfirsýn um ástand áfangastaða á Íslandi. Alls var gert mat á 23 áfangastöðum innan Vatnajökulspjóðagarðs og voru 61% þeirra metnir með einkunn yfir átta. Þá einkunn fá staðir sem taldir eru standast vel álag af völdum gesta og fara þar af leiðandi á grænan lista. Innviðaupbygging og landvarsla eru metin sem áhrifaríkustu þættirnir í að gera svæðum kleift að taka á móti miklum fjölda gesta án þess að svæði verði fyrir álagi. Einn áfangastaður innan Vatnajökulspjóðagarðs fékk minna en 5 í einkunn og fer á rauðan lista. Um er að ræða svokallaðan Námuveg á Breiðamerkursandi sem varð hluti af Vatnajökulspjóðgarði árið 2017. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er á lokametrum í umsagnarferli og í áætluninni er m.a. markmið að gera þennan veg færán flestum farartækjum að áfangastað við Breiðárlón.

9. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið - Stefnskjal fyrir Vörðu - 2104005

Fyrir fundinum lágu gögn til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti stefnskjal fyrir verkefnið Vörða sem snýst um fyrirmyndarstaði í ferðapjónustu. Markmið verkefnisins er að búa til umgjörð um hugmyndafræði heildstæðrar nálgunar áfangastaðastjórnunar svo uppfylla megi eftirfarandi sýn;

- Aðráttarafl áfangastaðanna fær að njóta sín og umhverfisstjórnun er til fyrirmyndar út frá áherslum sjálfbærrar þróunar þannig að framtíðarkynslóðir geti notið þeirra um ókomna tíð.

- Stuðlað er að svæðisbundinni þróun og hvatt til samstarfs og samhæfingar. Uppbygging ýtir undir ríkari upplifun, lengri dvöl og skapar viðskiptatækifæri og efnahagslegan ávinning fyrir nærumhverfið.

Verkefnið styður við stefnu stjórnvalda í ferða-, umhverfis-, menningar- og samgöngumálum auk nýsköpunar og stafrænnar stjórnsýslu. Verkefnið styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

10. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.